



Reglur um útleigu á atvinnuhúsnæði í eigu Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar

1. Atvinnuhúsnæði í eigu Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar eru verbúðir við Martröð. Í þeim eru bæði rými sem eru leigð fyrir atvinnustarfsemi og sem geymslur.
2. Að jafnaði er laust húsnæði auglýst á Hafnarvog og á heimasíðu HSD.
3. Umsókn skal vera skrifleg á þar til gerðu eyðublaði. Þar komi fram hvaða starfsemi er fyrirhuguð í húnæðinu og til hve langs tíma er óskað eftir leigu þess.
4. Að jafnaði ganga þeir fyrir með leigu sem eru með hafnsækna starfsemi og eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Við þá sem ekki eru með hafnsækna starfsemi er gerður tímabundinn samningur með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Sérákvæði geta gilt um afnot leigjanda af húsnæðinu.
5. Yfirhafnarvörður úthlutar húsnæði í samræmi við ofangreint og gerir leigusamning við viðkomandi á eyðublaðið *Húsaleigusamningur um atvinnuhúsnæði* frá Íbúðalánasjóði. Ef upp kemur ágreiningur fer hafnastjórn yfir málið og úrskurðar.
6. Reikningar fyrir leigu eru sendir út mánaðarlega nema þar sem leiga er undir 10 þús. á mánuði, þá á tveggja mánaða fresti. Sett er þriggja mánaða trygging fyrir greiðslu vegna þeirra rýma þar sem leiga fer yfir 10 þús. pr, mánuð skv. innheimtuleglum Dalvíkurbyggðar og húsaleigulögum. Innheimta er í samræmi við reglur sveitarfélagsins og samstarf við Intrum.

Samþykktar í hafnastjórn 3. des. 2009

Tekur gildi frá og með 1. janúar 2010